

Ársreikningur

Hafnarfjarðarhafnar

2017



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun hafnarstjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðenda	3-4
Rekstrarreikningur ársins 2017.....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2017.....	6-7
Sjóðstreymi ársins 2017.....	8
Skýringar	9-12

Stjórn

Unnur Lára Bryde
Borghildur Sturludóttir
Ólafur Ingi Tómasson
Gylfi Ingvarsson
Sigurbergur Árnason

Hafnarstjóri

Lúðvík Geirsson

Skýrsla og áritun hafnarstjórnar

Megintilgangur félagsins er þjónustustarfsemi tengd flutningum á sjó og vatni.




Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 177,6 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var um 2.365,1 millj.kr. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári. Eigandi Hafnarfjarðarhafnar í upphafi og lok árs var Hafnarfjarðarkaupstaður.

Stöðugildi hjá félaginu voru 13 og launagreiðslur félagsins námu um 182,5 millj.kr. á árinu.

Stjórn hafnarinnar og hafnarstjóri staðfesta hér með ársreikning hafnarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 25. apríl 2018



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hafnarfjarðarhafnar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum síðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði síðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og Hafnarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 25. apríl 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Árs- reikningur 2017	Áætlun 2017	Árs- reikningur 2016
Rekstrartekjur				
Almenn hafnargjöld		421.578.791	376.000.000	388.344.895
Seld þjónusta		123.611.824	129.500.000	103.680.751
Lóðarleigutekjur		64.919.571	68.075.000	70.331.160
Ýmsar tekjur		8.384.934	11.000.000	13.808.128
		<u>618.495.120</u>	<u>584.575.000</u>	<u>576.164.934</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	13	182.520.902	153.889.213	170.382.082
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	10	43.289.445	17.906.000	40.924.680
Annar rekstrarkostnaður		<u>126.794.713</u>	<u>144.623.458</u>	<u>140.865.521</u>
		352.605.060	316.418.671	352.172.283
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		265.890.060	268.156.329	223.992.651
Afskriftir	8	<u>62.509.599</u>	<u>63.500.000</u>	<u>62.800.694</u>
Hagnaður fyrir fjámunatekjur og fjármagnsgjöld		203.380.461	204.656.329	161.191.957
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		2.941.048	500.000	3.697.158
Vaxtagjöld og verðbætur		<u>(28.672.310)</u>	<u>(52.413.044)</u>	<u>(43.941.064)</u>
		(25.731.262)	(51.913.044)	(40.243.906)
Hagnaður ársins.....		<u>177.649.199</u>	<u>152.743.285</u>	<u>120.948.051</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Lóðir		1.424.612.487	1.547.286.567
Hafnarmannvirki		1.203.421.021	1.250.926.053
Húseignir		44.453.935	45.904.999
Hafnarbátar, vogir, bifreiðar o.fl.		32.064.691	21.977.315
		<u>2.704.552.134</u>	<u>2.866.094.934</u>
Áhættufjármunir			
Eignarhlutir í öðrum félögum		250.000	250.000
		<u>250.000</u>	<u>250.000</u>
		<u>2.704.802.134</u>	<u>2.866.344.934</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	6	139.445.352	74.651.450
Kröfur á tengda aðila	12	44.926.183	39.970.653
Handbært fé:	7		
Sjóður og bankainnstæður		130.027.615	33.457.789
		<u>314.399.150</u>	<u>148.079.892</u>
Eignir samtals		<u>3.019.201.284</u>	<u>3.014.424.826</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		2.365.059.162	2.187.409.963
Eigið fé samtals		<u>2.365.059.162</u>	<u>2.187.409.963</u>
Langtímaskuldir			
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	10	<u>221.126.000</u>	<u>219.218.577</u>
Langtímaskuldir:	11		
Langtímaskuldir		318.423.731	549.722.554
Næsta árs afborganir		<u>(11.528.299)</u>	<u>(12.062.860)</u>
		<u>306.895.432</u>	<u>537.659.694</u>
Langtímaskuldir		<u>528.021.432</u>	<u>756.878.271</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		100.018.391	43.225.429
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar	10	14.574.000	14.848.303
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	<u>11.528.299</u>	<u>12.062.860</u>
Skammtímaskuldir		<u>126.120.690</u>	<u>70.136.592</u>
Skuldir samtals		<u>654.142.122</u>	<u>827.014.863</u>
Skattamál	14		
Fimm ára yfirlit og helstu kennitölur.....	15		
Skuldir og eigið fé samtals		<u>3.019.201.284</u>	<u>3.014.424.826</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar			
Frá rekstri:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		177.649.199	120.948.051
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	62.509.599	62.800.694
Verðbætur langtímaskulda	11	7.868.169	13.828.238
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	10	43.289.445	40.924.680
		<u>291.316.412</u>	<u>238.501.663</u>
		Veltufé frá rekstri	238.501.663
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		(64.793.902)	27.713.973
Greiddar lífeyrisskuldbindingar	10	(41.656.325)	(14.191.900)
Skammtímaskuldir; (lækkun) hækkun		56.792.962	(21.146.101)
		<u>(49.657.265)</u>	<u>(7.624.028)</u>
		Handbært fé frá rekstri	230.877.635
		<u>241.659.147</u>	<u>230.877.635</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(31.103.479)	(75.644.533)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	8	130.136.680	0
Staða við tengda aðila, breyting	13	(4.955.530)	260.734
Fjárfestingarhreyfingar		<u>94.077.671</u>	<u>(75.383.799)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar afborganir langtímalána	11	(239.166.992)	(152.187.191)
		<u>(239.166.992)</u>	<u>(152.187.191)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	(152.187.191)
Hækkun á handbæru fé		96.569.826	3.306.645
Handbært fé í ársbyrjun		33.457.789	30.151.144
Handbært fé í árslok		<u>130.027.615</u>	<u>33.457.789</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Verðlags- og gengisviðmið

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok árs 2017. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur er tóku gildi 1. janúar 2018. Gengismunur og verðbætur sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

3. Tekjur af sölu og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hafnarmannvirki	10-50 ár
Húseignir	50 ár
Hafnarbátar, vogir, bifreiðar o.fl.	5-10 ár

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam um 16,1 millj. kr. í lok ársins.

Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Lóðir	Hafnar- mannvirki	Húseignir	Hafnarbátar, vogir, bifr. ofl.	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	1.547.286.567	4.370.802.500	75.539.096	140.736.802	6.134.364.965
Afskrifað áður	0	(3.119.876.447)	(29.634.097)	(118.759.487)	(3.268.270.031)
Bókfært verð 1.1.2017	1.547.286.567	1.250.926.053	45.904.999	21.977.315	2.866.094.934
Viðbót á árinu	7.462.600	10.825.340	0	12.815.539	31.103.479
Fært út	(130.136.680)	0	0	0	(130.136.680)
Afskrifað á árinu	0	(58.330.372)	(1.451.064)	(2.728.163)	(62.509.599)
Bókfært verð 31.12. 2017	1.424.612.487	1.203.421.021	44.453.935	32.064.691	2.704.552.134
Afskriftarhlutföll.....		2-10%	2%	10-20%	

Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Opinbert mat fasteigna skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2017	Viðlagaverðmæti 31.12. 2017	Brunabótamat 31.12. 2017	Bókfært verð 31.12. 2017
Lóðir	3.937.153.000			1.424.612.487
Hafnarmannvirki		5.122.837.000		1.203.421.021
Húseignir	85.350.000		131.420.000	44.453.935
	<u>4.022.503.000</u>	<u>5.122.837.000</u>	<u>131.420.000</u>	<u>2.672.487.443</u>

Tryggingaverðmæti lausafármuna nam í árslok 38 millj.kr.

Eigið fé

9. Yfirlit um eigið fé:	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé samtals 01.01.2017.....	2.187.409.963
Hagnaður ársins	177.649.199
Eigið fé samtals 31.12. 2017.....	<u>2.365.059.162</u>

Skuldbindingar

10. Lífeyrisskuldbinding:

Á höfninni hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna hennar. Hækkun lífeyrisréttinda á árinu er byggð á útreikningi tryggingastærðfræðings og er færð í reksrarreikning til gjalda og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breytingin á árinu 2017 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1. 2017.....	234.066.880
Breyting á lífeyrisskuldbindingu vegna áunninna réttinda	16.075.120
Greitt vegna lífeyrisskuldingar á árinu	<u>(14.442.000)</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2017.....	235.700.000
Næsta árs greiðslur	<u>(14.574.000)</u>
	<u>221.126.000</u>
Breyting á lífeyrisskuldbindingu vegna áunninna réttinda.....	16.075.120
Breyting á lífeyrisskuldbindingu vegna uppgjors á Jafnvægisjóði.....	25.821.232
Breyting á lífeyrisskuldbindingu vegna Lífeyrisauka- og Varúðarsjóðs.....	<u>1.393.093</u>
Breytinga á lífeyrisskuldbindingu alls.....	<u>43.289.445</u>

Samkomulag og uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016 var samþykkt í bæjarstjórn þann 14.02.2018. Uppgjör vegna Jafnvægisjóðs var gjaldfært á árinu 2017 og nam alls 25,8 milljónum króna. Framlög vegna Lífeyrisaukasjóðs um 61,7 milljón króna og Varúðarsjóðs um 6,6 milljónir króna verða færð til eignar á árinu 2018 fyrir utan þann hluta sem telst áfallinn á árinu 2017, alls 1,4 milljónir króna sem voru gjaldfærðar og færðar meðal skammtímaskulda á árinu 2017.

Langtímaskuldir

11.

Íslandsbanki - staða lána í ársbyrjun (verðtryggt með 4,45% vöxtum)	549.722.554
Afborganir á árinu	(239.166.992)
Verðbætur	7.868.169
Skuldir samtals þar með taldar næsta árs afborganir	<u>318.423.731</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:	
	Samtals
Árið 2018.....	11.528.299
Árið 2019.....	13.722.075
Árið 2020.....	14.296.383
Árið 2021.....	15.019.762
Árið 2022.....	15.700.935
Afborgun síðar.....	248.156.277
Langtímaskuldir alls.....	<u>318.423.731</u>

Tengdir aðilar

12. Tengdir aðilar félgsins eru eigendur, stjórn félgsins, hafnarstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Seld þjónusta til tengdra aðila:	2017	2016
Keypt þjónusta frá Hafnarfjarðarkaupstað.....	15.900.000	15.000.000
Krafa á tengda aðila:		
Krafa á Hafnarfjarðarkaupstað.....	44.926.183	39.970.653

Laun og launatengd gjöld

13. **Laun og tengd gjöld**

Laun	140.640.300	132.581.966
Stjórnarlaun	6.980.889	5.173.117
Tryggingargjald	11.066.826	11.887.962
Lífeyrissjóðsgjöld	<u>23.832.887</u>	<u>20.739.037</u>
	<u>182.520.902</u>	<u>170.382.082</u>

Skattamál

14. Félagið er undanþegið tekjuskatti í samræmi við 4. gr. laga um tekjuskatt en félög í eigu sveitarfélags eru undanþegin tekjuskatti.

Fimm ára yfirlit og helstu kennitölur

15. Fimm ára yfirlit hafnarinnar á verðlagi hvers árs:

	2017	2016	2015	2014	2013
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	618.495.120	576.164.934	514.173.739	437.350.329	394.779.197
Rekstrargjöld.....	352.605.060	352.172.283	344.525.441	313.095.991	266.541.045
Hagnaður f. afskriftir.....	265.890.060	223.992.651	169.648.298	124.254.338	128.238.152
Afskriftir.....	62.509.599	62.800.694	59.019.802	57.083.206	61.192.172
Hagnaður f. fjárm.liði	203.380.461	161.191.957	110.628.496	67.171.132	67.045.980
Fjármagnsliðir.....	(25.731.262)	(40.243.906)	(47.254.115)	(15.032.139)	33.598.733
Hagnaður (tap) ársins	177.649.199	120.948.051	63.374.381	52.138.993	100.644.713
Efnahagur					
Fastafjármunir.....	2.704.802.134	2.866.344.934	2.853.501.095	2.847.324.421	2.896.955.586
Veltufjármunir.....	314.399.150	148.079.892	172.747.954	152.960.379	133.511.461
Eignir samtals	3.019.201.284	3.014.424.826	3.026.249.049	3.000.284.800	3.030.467.047
Eigið fé	2.365.059.162	2.187.409.963	2.066.461.912	2.003.087.531	1.950.948.532
Langtímaskuldir.....	528.021.432	756.878.271	870.641.076	940.090.372	963.839.502
Skammtímaskuldir.....	126.120.690	70.136.592	89.146.061	57.106.897	115.679.013
Eigið fé og skuldir samtals	3.019.201.284	3.014.424.826	3.026.249.049	3.000.284.800	3.030.467.047
Helstu kennitölur					
	2017	2016	2015	2014	2013
Veltufjárhlutfall	2,5	2,1	1,9	2,7	1,2
Eiginfjárhlutfall.....	78,3%	72,6%	68,3%	66,8%	64,4%